


1906321: Starfsáætlun í menningar og ferðamálum 2020

Skipurit menningar- og ferðamála



Menningar- og ferðamál

Menningar- og ferðamál heyra undir þjónustu- og þróunarsvið. Menningarstofnanir Hafnarfjarðarbæjar eru; Bókasafn Hafnarfjarðar, Byggðasafn Hafnarfjarðar og Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar. Á sviðinu starfar verkefnastjóri menningar- og markaðsmála sem hefur umsjón með atvinnu-, ferða- og menningarmálum, viðburðastjórnun og samstarfi við Markaðsstofu Hafnarfjarðar og sér um samninga, styrki og samskipti við lista- og menningarlífið. Upplýsingamiðstöð ferðamanna er í þjónustuveri og í Hafnarborg og Byggðasafni um helgar.

Menningar- og ferðamálanefnd, 2019-20

Aðalmenn:

Guðbjörg Oddný Jónasdóttir, formaður
Pórey Anna Matthíasdóttir, varaformaður
Sigurbjörg Anna Guðnadóttir

Varamenn:


Eyrún Eyfjörð Svanþórsdóttir
Njóla Elísdóttir
Sverrir Jörstad Sverrisson

Hlutverk menningar- og ferðamálanefndar er að fara með og móta menningar- og ferðamál í víðtækum skilningi í sveitarfélaginu og vera ráðgefandi til bæjarráðs og bæjarstjórnar um þau mál. Starfsmaður nefndarinnar ritar fundargerðir og heldur utan um fundi nefndarinnar og styrkveitingar á hennar vegum. Starfsfólk bæjarins sinnir verkefnum fyrir hönd nefndarinnar þá sérstaklega verkefnastjóri menningar og markaðsmála.



HAFNARFJÖRÐUR

Starfsfólk menningar- og ferðamála 2019



Menningar- og ferðamálastefna

Á árinu 2019 verður unnið að gerð nýrrar menningar- og ferðamálastefnu Hafnarfjarðarbæjar í framhaldi af þeirri góðu vinnu sem markaðsstefnumótun bæjarins byggir á. Lögð verður áhersla á opið samráð við bæjarbúa, starfsfólk og aðra hagsmunaaðila.

Leiðarljós

Lagt er kapp á að skapa hvetjandi umhverfi þar sem bæjarbúar fái notið lista, menningar og fróðleiks. Menningin verði þannig öflugt innlegg í jákvæða ímynd Hafnarfjarðar og sjálfsmynd bæjarbúa. Unnið verður með ferðapjónustunni að kynningu á því sem bærinn hefur upp á að bjóða og að sameiginlegri markaðssetningu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu öllu í samræmi við ferðamálastefnu bæjarins, sem samþykkt var í ársbyrjun 2013.

Meginmarkmið:

- Góðar og öflugar menningarstofnanir.
- Aðgangur sé ókeypis að menningarstofnunum bæjarins.
- Að kynna Hafnarfjörð sem kjörinn áningarstað og laða að gesti
- Að efla lista- og menningarlíf
- Að standa fyrir fjölbreyttum viðburðum
- Að veita upplýsingar og ráðgjöf
- Að stuðla að góðri nýtingu fjármagns
- Að vinna með ferðapjónustuaðilum að framgangi í ferðámálum samkvæmt Ferðamálastefnu
- Að vinna að sameiginlegri markaðssetningu höfuðborgarsvæðisins sem einnar heildar



HAFNARFJÖRÐUR

Árið 2019 hafa menningarstofnanir Hafnarfjarðarbæjar að markmiði:

- Að höfða til sem flestra og vera þannig mikilvægur þáttur í lífi bæjarbúa.
- Að nýta öll tækifæri til þess að kynna starfsemi sem best.
- Að leita nýrra tækifæra og úrlausna.
- Að auka samstarf sín í milli og ná þannig fram hagræðingu og þekkingarauka.
- Að stuðla að betra menningarlæsi.
- Að sýna ávallt fagmennsku, metnað og góða nýtingu fjármuna.

Árið 2020:

- Áfram verði unnið að því að bæta aðgengi íbúa sem ekki hafa íslensku að fyrsta máli að menningarstarfsemi bæjarins og sérstök áhersla verði lögð á að þýða upplýsingar um viðburði og starfsemi á viðeigandi tungumál.
- Unnið verði að samþættingu kynningarmála menningarstofnana og sameiginleg/samræmd dagskrá verði eflid.
- Opnunartími menningarstofnana verði skoðaður útfrá breyttum lífsvenjum bæjarbúa.
- Þátttaka, virkni og samræming menningarstofnana í föstum viðburðum verði skoðuð sérstaklega.
- Unnið verði áfram að eflingu menningarlífs í bænum í gegnum menningarstyrki og samstarfssamninga.
- Efla sameiginlega dagskrá og þjónustu menningarstofnana utan miðbæjar.
- Gera þjónustukönnun meðal íbúa á þjónustu menningarstofnana
- Menningarstofnanir leggi áherslu á heilsuefndi aðgerðir í starfsemi sinni í samræmi við heilsustefnu bæjarins
- Menningargöngur og fleiri verkefni verði unninn með sambærilegum hætti.
- Geymslumál safnana verði skoðuð sérstaklega sem og kostnaður við breytingar á opnunartíma menningarstofnana.
- Menningar- og ferðamálanefnd leggur áherslu á að við vinnu við fjárhagsáætlun verði haft að leiðarljósi að nýta fjármagn vel með aukinni áherslu á samstarf stofnana og betri nýtingu mannauðs.

Samstarf þýðir bætt þjónusta

Áfram verður lögð áhersla á markvisst samstarf menningarstofnana innan sem utan Hafnarfjarðarbæjar. Jafnframt er lögð áhersla á að starfsmenn sækji menningarviðburði og auki þannig víðsýni sína og faglega þekkingu. Menningarstofnanir munu leggja áherslu á samstarf við aðrar stofnanir, deildir, fjölmiðla og félög og leitast þannig við að ná sem bestum árangri í starfi og sýnileika.

Í **Bóksafni Hafnarfjarðar** er fjölbreyttur safnkostur og safnið veitir aðgang að upplýsinga- og tölvutækni. Bókasafnið er þekkingar-, upplýsinga-, mennta- og menningarsetur Hafnarfjarðarbæjar og býður uppá mjög góð lesaðstöðu fyrir framhaldsskólanema. Þar er stærsta tónlistarsafn á landinu og öflugt barnastarf. Safnið flokkar og skráir jafnframt safnkost leik- og grunnskóla og fleiri stofnana Hafnarfjarðarbæjar. Góð þjónusta er við stærsta hóp nýbúa í Hafnarfirði. Mikil aukning í innkaupum á pólskum bókum.

Byggðasafn Hafnarfjarðar safnar, varðveitir og rannsakar minjar um menningarsögu Hafnarfjarðar og kynnir þær almenningi með sýningum í öllum sex húsum safnsins auk ljósmyndasýninga á strandstígunum. Þá sér safnið um bæði húsa- og fornleifaskráningu í bæjarlandinu og er tengiliður bæjarins við Minjastofnun Íslands. Safnið er leiðandi í að varðveita og miðla sögu bæjarfélagsins.



HAFNARFJÖRÐUR

Hafnarborg, menningar- og listamiðstöð Hafnarfjarðar hefur fjölþætt menningarhlutverk. Þar er varðveitt listaverkæign bæjarins og staðið fyrir fjölbreyttum myndlistarsýningum. Stundaðar eru rannsóknir á safnkostinum og markviss miðlun í tengslum við allar sýningar. Á árinu 2019 verður unnið sérstaklega að endurskoðun á geymsluhúsnæði safnsins. Metnaðarfull sýninga- og viðburðadagskrá sem höfðar til bæjarbúa og gesta þeirra verður að vanda aðalsmerki starfseminnar. Áfram verður unnið að því að bæta móttöku aðstöðu fyrir börn og fjölskyldur.

Verkefnastjóri menningar og markaðsmála heldur utan um viðburði og hátíðir á vegum bæjarins, s.s. jólaþorpið á Thorsplani í desember og Bjarta daga sem haldnir eru að vori, og sinnir samskiptum við félagasamtök sem hafa umsjón með öðrum viðburðum skv. sérstökum samningum s.s.

Prettándagleði/Haukar, Sumardagurinn fyrsti/Skátafélagið Hraunbúa og Sjómannadagurinn/Björgunarsveit Hafnarfjarðar. Verkefnisstjóri viðburða leiðir ýmis önnur verkefni sem til falla á sviði menningar og samstarfs milli stofnana, félagasamtaka og einkaaðila á því sviði.

Helstu verkefni

Árlegir viðburðir eru Vetrarhátíð, Bjartir dagar, Sumardagurinn fyrsti, Sjómannadagurinn, Jólaþorpið og önnur hátíðahöld.

Vetrarhátíð er einskona menningarnótt að vetri. Söfnin í Hafnarfirði tóku í fyrsta skipti þátt í Safnanótt sem er hluti af vetrarhátíð árið 2010 og var það að tilstuðlan markaðssamstarfs á höfuðborgarsvæðinu. Vetrarhátíð hefur þróast í ljóshátíð sem fagnar vetri með því að kynna það glæsilega framboð á afþreyingu sem í boði er á höfuðborgarsvæðinu. Hátíðin hefst með tendrun ljóslistaverka á nokkrum stöðum. Safnanótt verður haldin 7. febrúar og verður dagskrá safnanna sett saman í samstarfi þeirra á milli. Safnanótt í Hafnarfirði er auglýst sérstaklega og undir hatti safnanætur á höfuðborgarsvæðinu í heild. Sundlauganótt fer fram laugardaginn 8. febrúar og ein sundlaug í Hafnarfirði hefur verið opin fram á kvöld. Stefnt er að því að lýsa upp amk. eina byggingu í grænum og fjólbláum lit dagana sem vetrarhátíð stendur. Verkefnastjórnun er í höndum hvernar stofnunar fyrir sig en verkefnastjóri heldur utan um þátttöku Hafnarfjarðar og sameiginlegar kynningar. Lögð er áhersla á að dagskrá safnanætur sé unnin í samvinnu stofnana svo hámarka megi ánægju gesta og nýtingu fjármagns.

Bæjarlistamaður Hafnarfjarðar er útnefndur árlega. Hægt er að senda inn tilnefningar um bæjarlistamann fyrir 1. febrúar ár hvert á sérstöku eyðublaði sem finna má á heimasíðu bæjarins. Umsóknarform og framkvæmd eru auglýst sérstaklega. Tilkynning um útnefningu bæjarlistamanns fer fram síðasta vetrardag.

Bjartir dagar: Lista- og menningarhátíðin Bjartir dagar er haldin frá miðvikudegi til sunnudags í sömu viku og sumardagurinn fyrsti. Árið 2020 stendur hátíðin frá 22. til 26. apríl. Á Björtum dögum er lögð áhersla á að sem flestir skapi hátíðina og taka skólar, leikskólar, veitingahús og verslanir þátt auk hinna mörgu listamanna og menningarstofnana sem fylla bæinn lífi og list um leið og vorið gengur í garð. Frá árinu 2014 hefur tónlistarhátíðin Heima sem byggir á fjölmörgum minni tónleikum í heimahúsum verið haldin síðasta vetrardag. Hátíðin var haldin af Rokkland ehf. með menningarstyrk frá Hafnarfjarðarbæ.

Sjómannadagurinn hefur verið haldinn hátíðlegur í Hafnarfirði síðan 1953 enda tengist saga Hafnarfjarðar nær öll sjósókn og fiskvinnslu. Fjölbreytt dagskrá og heiðrun sjómanna fer fram við Flensborgarhöfn og Björgunarsveit Hafnarfjarðar setur upp fjölbreytt björgunarleiktæki á landi og í sjó.

Jólaþorpið er stærsti einstaki viðburðurinn sem haldinn er í miðbæ Hafnarfjarðar. Þorpið hefur risið á aðventunni á hverju ári frá 2003 og er nú orðinn ómissandi þáttur í jólahátíð Hafnarfirðinga og annarra



HAFNARFJÖRÐUR

landsmanna. Fagurlega skreytt jólahúsin eru orðin landsþekktur söluvettvangur fyrir ýmiskonar gjafavöru, handverk og hönnun sem tilvalið er að setja í jólapakkann ásamt gómsætum veitingum og vörum til að taka með heim á veisluborðið. Margir leggja hönd á plóg og er Jólaborpið unnið í samvinnu við Þjónustumiðstöð Hafnarfjarðar, leik- og grunnskóla Hafnarfjarðar og við kaupmenn í miðbænum og Firði. Verkefnastjórnun er í höndum verkefnastjóra menningar- og markaðsmála.

Menningarstyrkir

Menningar- og ferðamálanefnd Hafnarfjarðarbæjar auglýsir eftir umsóknum um styrki til menningarstarfsemi til eflingar hafnfirsku menningarlífi tvisvar á ári, snemma árs og síðan aftur að hausti. Markmiðið er að styðja við menningarstarfsemi í samræmi við menningarstefnu Hafnarfjarðarbæjar og styrkja einstaklinga og félagasamtök til lista- og menningarsköpunar. Árið 2019 var unnið að því að fjölga samstarfssamningum um viðburðahald í bænum til lengri tíma þegar opnað var fyrir þann möguleika að gera samstarfssamninga til allt að þriggja ára. Nánari upplýsingar um menningarstyrkina og umsóknareyðublöð er að finna á heimasíðu Hafnarfjarðarbæjar.

Samningar

Menningar- og ferðamálanefnd mótar stefnu í samningagerð um menningarmál fyrir hönd Hafnarfjarðarbæjar. Vinna við gerð og eftirfylgni við samninga er í höndum starfsmanna bæjarins. Í júlí 2019 var skrifað undir samning við Leikfélag Hafnarfjarðar um aðstöðu í kapellunni í St. Jó til eins árs og unnið er að endurnýjun á samningi við Gaflaraleikhúsið sem rennur út í desember 2019. Samningur um rekstur Bæjarbíós gildir til ársins 2023. Á árinu 2019 var unnið að því að fjölga samstarfssamningum um viðburðahald í bænum.



HAFNARFJÖRÐUR

Starfsáætlanir einstakra stofnana

Byggðasafn Hafnarfjarðar

Tilgangur

Byggðasafn Hafnarfjarðar starfar í almannabágu og er ekki rekið í hagnaðarskyni. Það starfar samkvæmt gildandi lögum um söfn, safnalögum og lögum um menningarminjar. Það er opið almenningi á auglýstum tímum og skal auk þess kynnt nemendum allra skólastiga í samráði við skólayfirvöld.

Helstu verkefni safnsins eru að byggja upp, skrá og varðveita góðan safnkost muna og ljósmynda sem varpa ljósi á sögu og menningu svæðisins samkvæmt söfnunarstefnu þess. Að miðla menningu og sögu bæjarfélagsins, meðal annars með sýningahaldi og fyrirlestrum eða með öðrum þeim hætti sem henta þykir og fjárhagsáætlun safnsins gerir kleift hverju sinni. Safnið sér um skráningu og verndun fornleifa og annarra söguminja á svæðinu í samráði og samvinnu við Minjastofnun Íslands. Þá skal safnið í samvinnu við sömu stofnun gangast fyrir nákvæmri skráningu þeirra mannvirkja á starfssvæðinu sem af byggingar- eða menningarsögulegum ástæðum hafa varðveislugildi en skráning forleifa og húsa er ein af forsendum skipulagsvinnu á vegum bæjarfélagsins.

Lykiltölur

Gestafjöldi safnsins hefur vaxið nokkuð hin síðustu ár og komu 26.419 gestir á safnið árið 2018. Fjölmargir skólahópar komu á safnið af öllum skólastigum, frá leiksóla til háskóla og komu þeir bæði úr Hafnarfirði og nágrennasveitafélögum. Stefnt er að því að auka enn á þá samvinnu sem safnið á við skóla bæjarins á árinu 2020.

Á árinu 2018 bárust safninu 27 gjafir með rúmlega 100 gripum og var það heldur minna en gerst hefur að meðaltali undanfarin ár. Þá bárust safninu alls 5.086 ljósmyndir og filmur á árinu.

Helstu verkefni 2020

- **Uppbygging safnkosts** Byggðasafn Hafnarfjarðar framfylgir þeim kröfum sem gerðar eru til viðurkenndra safna í safnalögum um uppbyggingu safnkosts.
- **Varðveisla** – Byggðasafn Hafnarfjarðar varðveitir safnkost sinn eftir þeim kröfum sem gerðar eru til minjasafna í safnalögum og samkvæmt kröfum Safnaráðs og Þjóðminjasafnsins.
- **Rannsóknir** – Rannsóknir Byggðasafns Hafnarfjarðar á árinu 2020 munu einna helst snúa að undirbúningi sýninga auk hefðbundinna verkefna er snúa að skráningu safnkosts og fornleifa- og húsaskráninga sem unnar verða í samvinnu við Umhverfis- og skipulagssvið bæjarins. Vegna nýrrar reglugerðar eru allar fornleifaskráningar í bæjarlandinu úreltar og verður því að uppfæra þær á árinu 2020. Tillaga er í fjárhagsáætlun ársins fyrir stöðugildi í það verkefni í níu mánuði. Verkefni þetta er lögbundið en án þess verða deiliskipulög bæjarins ólögleg.



HAFNARFJÖRÐUR

- **Útgáfa** – Byggðasafn Hafnarfjarðar mun á árinu 2020 standa að útgáfu árlegs smárits. Að þessu sinni mun smáritið fjalla um sögu Karmelklaustursins í Hafnarfirði en það er afurð þemasýningar safnsins í forsal Pakkhússins frá árinu 2019. Þá er áætlað að ný heimasíða safnsins fari í loftið á árinu.
- **Sértekjur** – Sértekjur Byggðasafns Hafnarfjarðar eru óverulegar og fylgja verðskrá safnsins sem samþykkt hefur verið í bæjarstjórn Hafnarfjarðar.
- **Viðburðahald**
 - **Sýningar** – Byggðasafn Hafnarfjarðar mun standa fyrir tveimur nýjum sérsýningum á árinu 2020. Annars vegar þemasýningu í forsal pakkhússins og hins vegar ljósmyndasýningu á strandstígnum. Auk þessa mun safnið standa að og uppfæra fastasýningarnar sem eru í húsum safnsins: Pakkhúsi, Sívertsens-húsi, Beggubúð, Bookless Bungalow, Siggubæ og Góðtemplarahúsinu. Í ósamþykktri fjárhagsáætlun er einnig gert ráð fyrir rafminjasýningu í glerhýsinu undir Lækjargötunni. Þá verða sett upp tvö sögu/minjaskilti á árinu.
 - **Aðrir viðburði** – Byggðasafn Hafnarfjarðar mun standa fyrir fyrirlestraröðinni „Fróðleiksmolar Byggðasafnsins“ eins og undanfarin ár. Áætlað er að haldnir verði fyrirlestrar síðasta fimmtudags hvers mánaðar yfir vetrarmánuðina. Yfir sumarmánuðina mun Byggðasafnið standa fyrir sögu/minjagöngum síðasta fimmtudag hvers mánaðar. Auk þessa mun Byggðasafnið taka þátt í hinum ýmsu viðburðum s.s. safnanótt, björtum dögum, 17. júní o.s.frv.
- **Samvinna / samstarf**
 - **Samstarf við aðrar bæjarstofnanir** – Byggðasafn Hafnarfjarðar á gott samstarf við aðrar bæjarstofnanir vegna þeirra verkefna sem á safninu eru unnin. Má þar helst nefna aðrar menningarstofnanir og Umhverfis- og skipulagssvið en samstarfið er mun víðara.
 - **Erlent samstarf** – Byggðasafn Hafnarfjarðar tekur virkan þátt í störfum Alþjóðlegu Hansasamtakana.
 - **Samstarf við skóla** – Byggðasafn Hafnarfjarðar er í miklu og góðu samstarfi við öll skólástig og snýr það bæði að móttöku hópa og úrvinnslu hinna ýmsu verkefna.
- **Kynningarmál** – Byggðasafn Hafnarfjarðar hefur kynnt starfsemi sína með ýmsum hætti undanfarin ár og verður kynningin með samskonar hætti árið 2020. Hér má nefna bæklingaútgáfu, útvarpsauglýsingar, kynningar á facebook og auglýsingar í hinum ýmsu ferðamannablöðum og bæklingum, svo eitthvað sé nefnt.
- **Rýmisnýting /húsnæði** – Byggðasafn Hafnarfjarðar er með sýningaaðstöðu í sex húsum á samtals 638 m². Lagerhúsnæði safnsins er 512 m² en stefnt er að því að auka það rými á næsta ári ef óskir sem fylgja fjárhagsáætlun safnsins verða samþykktar.
- **Viðhald** – Viðhaldsmál þeirra fasteigna sem heyra undir Byggðasafn Hafnarfjarðar eru á herðum Umhverfis- og skipulagssviðs bæjarins. Helstu verkefni sem unnin verða á árinu 2020 eru áframhald á verkefnum tengdum Pakkhúsinu, Sívertsens-húsinu, Góðtemplara-húsinu og Siggubæ.



HAFNARFJÖRÐUR

- **Öryggismál** – Byggðasafn Hafnarfjarðar starfar eftir safnalögum og þeim kröfum sem gerðar eru til viðkenndra safna. Leitast er eftir því að uppfylla- og standa undir öllum þeim kröfum hér eftir sem hingað til.
- **Starfsmannamál** – Starfsmannamál fastráðinna starfsmanna verða óbreytt frá því sem er á árinu 2020. Þó bætist við tvær tímabundnar stöður, annars vegar ráðning í 40% starfshlutfalli í samvinnu við Vinnumálastofnun. Þar er um að ræða verkefnið „atvinna með stuðningi“ þar sem einstaklingur verður ráðinn í verkefni er snýr að skönnun og frágangi ljósmynda fram á vor. Hins vegar er um að ræða ráðningu fornleifafraeðings í tímabundna stöðu í níu mánuði til að uppfæra fornleifaskráningar í bænalandinu. Síðari staðan er þó bundin samþykki í fjárhagsáætlun safnsins.
- **Sí- og endurmenntun** – Starfsfólk Byggðasafns Hafnarfjarðar er duglegt við að sækja sér sí- og endurmenntun og verður enginn breyting þar á, á árinu 2020 en þá verða bæði sótt hin ýmsu námskeið og ráðstefnur er snúa að varðveislu og miðlun menningararfsins.

Bókasafn Hafnarfjarðar (BH)

Tilgangur

Bókasafn Hafnarfjarðar (BH) er þekkingarveita og fræðslustofnun sem heldur uppi virkri og fjölþættri bókasafns- og upplýsingaþjónustu. Safnið rækir hlutverk sitt með því að jafna aðgengi að menningu og þekkingu og veita og óheftan aðgang að upplýsingum og afþreyingu án tillits til forms eða framsetningar. Áhersla er lögð á að safnkostur BH endurspegli sem flest sjónarmið og að félagsleg ábyrgð safnsins felst í því að veita öllum bæjarbúum aðgengi að fjölbreyttu safnefni og upplýsingum svo þeir geti á upplýstan hátt tekið ákvarðanir um margvísleg álitamál.

Meginmarkmið og gildi

- Að BH sé aðgengilegt öllum bæjarbúum og hluti af daglegu lífi þeirra.
- Að starfsemi BH einkennist af vísýni og virðingu gagnvart fólki af ólíkum uppruna og stöðu. Að friðhelgi, fagmennska, fjölbreytni og þjónustulund séu hornsteinar starfsemi BH
- Að BH veiti aðgang að fjölbreyttu safnefni og upplýsingum á mismunandi formi og efli þannig menningarstarfsemi, menntun, símenntun, atvinnulíf, íslenska tungu, ánægjulestur og upplýsingalæsi.
- Að starfsfólk BH tileinki sér nýjungar á sviði bókasafns- og upplýsingaþjónustu og skipi sér í framvarðarsveit íslenskra almenningsbókasafna með jákvæðri, markvissri og öflugri þjónustu.
- Að fjölbreytt viðburðahald BH beri jafnan keim af og endurspegli þjóðfélag í gerjun.
- Að safnfræðsla og sögustundir og heimsóknir í BH nái til nemenda á öllum skólastigum og heimsókn í BH sé eftirsóknarverður valkostur sem styrki framþróun í skólastarfi.
- Að BH sé virkur þátttakandi samvinnu bókasafna nágrannasveitarfélaga og í faglegu þróunarstarfi almenningsbókasafna á landsvísu.



HAFNARFJÖRÐUR

Lykiltölur

Bókasafn Hafnarfjarða				
Lykiltölur 2016/19	2016	2017	2018	Áætlun 2019?
Safnkostur	139.180	139.432	135.606	134.100
Gestafjöldi	128.787	117.162	120.038	122.000
Útlán	204.000	183.796	192.694	194.000
Útlán á gest	1.68	1.62	1.61	1.60
Útlán á bæjarbúa	8.38	7.88	6.55	6.50
Stöðugildi	14.45	13.90	14.95	15.00
Sögustundir: fjöldi/skipti	850/52	930/68	1.095/73	1.0106/73
Safnkynningar fjöldi/skipti	421/19	350/15	405/18	388/16
Sumarlestur- þátttakendur	250	395	432	445
Pólskar sögustundir fjöldi/skipti	226/15	92/10	20/10	27/5
Fjárhagsáætlun/Sértekjur millj.	163/14	170/13.8	182/11	205/9

Stiklur úr viðburðadagatali BH 2018-2019

September 2018	Foreldramorgnar, Handavinnuhópur, Bókasafnsdagurinn, Heilahristingur
Október 2018	Foreldramorgnar, Handavinnuhópur, Bókmenntaklúbbur, Heilahristingur, Bangsadagurinn, Milli-Reykja starfsmannafundur
Nóvember 2018	Foreldrahópur, Handavinnuhópur, Heilahristingur, Bókmenntaklúbbur, Norræna bókasafnsvikan, Luktaganga þýska tengslanetsins, Dagur íslenskrar tungu, Kynstrin- eitt upplestrarkvöld með samtali við höfunda undir stjórn bókmenntafræðings
Desember 2018	Foreldrahópur, Handavinnuhópur, Bókmenntaklúbbur, Heilahristingur, Jólaborpið, Kynstrin-upplestardagar fyrir unglina og yngri börn, Bréfamararþon Amnesty
Janúar 2019	Foreldrahópur, Handavinnuhópur, Bókmenntaklúbbur, Heilahristingur, Starfsdagur, Milli-Reykja starfsmannafundur
Febrúar 2019	Foreldrahópur, Handavinnuhópur, Bókmenntaklúbbur, Heilahristingur, Bóka- og bíódagur, Safnanótt, Heimsdagur barna, Öskudagssmiðja, Starfsdagur í skólum
Mars 2019	Foreldrahópur, Handavinnuhópur, Bókmenntaklúbbur og Heilahristingur, Milli-Reykja starfsmannafundur
Apríl 2019	Foreldrahópur, Handavinnuhópur, Bókmenntaklúbbur, Heilahristingur, Maifest, Bjartir dagar og Vika bókarinnar, Uppskeruhátíð leiksskólalabarna - Ritsmiðja
Mái - Ágúst 2019	Sumarlestur grunnskólalabarna- Uppskeruhátíð í byrjun september.
Allt árið um kring	Sögustundir barna, Leik- og grunnskólakynningar, Þýskunámskeið fyrir börn, Sögustund barna á pólsku, Höfundar kynntir með útstillingum, Sýningar í glerskápnunum, Ýmsar smásýningar innanhúss.



Helstu verkefni 2019

- **Stefnumótun - tilgangur og markmið**

Nauðsynlegt er að rýna framtíð tónlistardeildar BH m.a. í ljósi breyttrar nálgunar og neysluvenja á tónlist og rýmisnýtingar safnsins. Unnið verður að nýrri þjónustu- og kynningarstefnu BH á komandi ári. Huga mætti að samræmdri þjónustustefnu fyrir allar menningarstofnanir bæjarins með það fyrir augum að bæta þjónustu, auka þjónustuvitund starfsmanna, samræma þjónustuna og gera hana markvissari. Verulega er farið að þrengja að starfsemi BH í núverandi húsnæði og viðburðahaldi t.d. settar mjög þröngar skorður. Huga verður að stefnumótun í húsnæðismálum, opnun útibús á Völlunum.

- **Uppbygging safnkosts**

Unnið er að endurskoðun og uppfærslu stefnumótun BH um uppbyggingu safnkosts, bókval, grisjun, meðferð gjafa o.fl. Grisjunarátaki sem hóst árið 2018 og hefur tekist vel, verður fram haldið.

- **Varðveisla**

Í kjallara BH er að finna örvísi að skjalasafni Hafnarfjarðar sem auðvita ætti að eiga sér samastað í öðru og sértækara húsnæði eða á Þjóðskjalasafni.

- **Sértekjur/-útgjöld**

Sértekjur hafa minkað við að útlán myndefnis varð ókeypis. Stefnt er að að bjóða bæjarstarfsmönnum ókeypis skírteini. Vakin er athygli á að BH borgar hlut allra bókasafna Hafnarfjarðar, BH, skólabókasafna, listasafns og skólaskrifstofu til Landskerfi bókasafna, aðgang að rafrænum gagnagrunnum og tímaritum gegnum hvar.is. ásamt rafbókasafninu. Einnig hefur starfsfólk BH, að kostnaðarlausu, tekið að sér skráningu á safnefni nokkurra skólabókasafna bæjarins í skráningargrunninn Gegni. Þessu er þannig háttað hér, en önnur sveitarfélög skipta gjarna kostnaði á viðeigandi deildir.

- **Búnaður**

Stefnt er að halda áfram að nútímavæða vinnuástöðu starfsmanna í samræmi við vinnuverndarsjónarmið og staðla Vinnueftirlitsins og niðurstöður vinnustaðargreiningar haustið 2018. Landskerfi bókasafna hefur gert nýjan samning um gagnagrunnskerfi fyrir íslensk bókasöfn og stefnt er að innleiðingu þess í BH næsta sumar.

- **Viðburðahald**

Stefnt að enn fjölbreyttara viðburðahaldi bókasafnsins. Með nýjum viðburðastjóra komu nýjar hugmyndir sem hrint var í framkvæmd, t.d teiknimyndasmiðjur og ritsmiðjur, barnaviðburði á laugardögum o.fl. Að sjálfsögðu tekur BH af fullum krafti í



HAFNARFJÖRÐUR

sameiginlegum viðburðum bæjarins, Björtum dögum, Bóka- og bíódögum, Safnanótt o.fl. BH bauð í fyrsta sinn uppá tvær bókmenntagöngur í sumar og því verður framhaldið. Skipuð verður nefnd starfsmanna vegna 100 ára árstíðar BH haustið 2022. Unnið verður að býtti bókasafni á Ásvallalaug.

- **Læsisverkefni**

Áfram tekur BH þátt í samvinnuverkefni Samtaka forstöðumanna almenningsbókasafna (SFA) og Upplýsingar við lestrarteymi Menntamálastofnunar um átak í kynningu á lestri og þátt almenningsbókasafana í því verkefni. Í ljósi mikillar umræðu um læsi í þjóðfélaginu verður að minna á að almenningsbókasöfn eru mikilvægur hlekkur í þeirri keðju sem almennt séð sjá um að viðhalda, ýta undir og stuðlar að auknu læsi í samfélaginu. Með þetta að leiðarljósi hefur BH gengið til samvinnu við Fræðslu og tómstundaráð um útfærslu á læsistefnu bæjarins „Lestur er lífsins leikur“ Frá haustdögum 2018 og á næsta ári verða haldnir fundir með foreldrum leikskólabarna og safnið hefur verið kynnt ásamt því að sérhönnuðum bæklingi um læsi og málþroska er dreift til þátttakanda auk bókaþjálfa frá BH.

- **Kynningarmál**

Stefnt er að útgáfu kynningarbæklings um BH og að honum verði dreift á öll heimili bæjarins. Áfram verður unnið að sameiginlegri skipulagningu og markaðssetningu viðburða menningarstofnana miðbæjarins. Nauðsyn er að gera sameiginlega þjónustukönnun meðal menningarstofnana bæjarins.

- **Fjölmennning**

BH stefnir að því að auka þjónustu við nýbúa og hælisleitendur og hlú vel að þeirri starfsemi sem fyrir er í safninu. Þýska stafið blómstrar en Pólska starfið verður að taka fastari tókum, t.d. með því að ráða starfsmann í starf til að sinna því og öðrum fjölmennningarlegum verkefnum. Áfram, í góðir samvinnu við Rauða krossinn, verður stutt við námsaðstoðina Heilahristing, en þátttaka í verkefninu er sveiflukennnd. Lagður verður grundvöllur að samvinnu við nýráðin Fjölmennningarfulltrúa Hafnarfjarðar

- **Viðhald**

Nauðsynlegt er að hlú vel að viðhaldi safnbyggingar BH og eftirlit með athygli og áherslum á heilsusamlegt starfsumhverfi. Átaks er þörf í viðhaldsmálum til að glíma við vanda vegna raka og myglu í byggingunni. Þó að einhverjar úrbætur voru gerðar 2019 má gera enn betur. Huga þarf að breyttu húsnæði fyrir BH.

- **Öryggismál**

Öryggismál og –stefna Hafnarfjarðar verður í forgrunni og áfram verður unnið að gerð öryggishandbókar og áhættumats á störfum í safninu. Tími er kominn á að halda námskeið í hjálp í viðlögum, brunavörnum og -æfingu. Hugsanlega mætti þetta



HAFNARFJÖRÐUR

vera sameiginlegt verkefni menningarstofnana í miðbænum. Reynt verður að koma til móts við fræðsluþörf öryggisfulltrúa og –trúnaðarmanna.

- **Umhverfismál**

Endurvinnslustefna og –ferlar safnsins eru í rýningu og verða uppfærðir með umhverfislegan ávinning að leiðarljósi. Stefnt er að þátttöku og búið er í haginn vegna verkefnisins „Grænum skrefum“ þegar og ef sveitarfélögin taka þau mál uppá sína arma. Vistvænir bókasafnspokar sem framleiddir voru og seldir eru gegn vægu hafa dregið úr notkun plastpoka. Þessi aðgerð var og er liður í efla vistrænan rekstur BH og minnka skaðleg umhverfisáhrif.

- **Sí- og endurmenntun**

Ófaglærðir starfsmenn BH tóku virkan þátt í skipulögðu endurmenntunarferli í boði bæjarins og Starfsmenntar. Vonandi verður framhald á því. Faglærðir starfsmenn munu í auknu mæli nýta sér aðgang að sjóðum Starfsmenntunarseturs BHM til faglegrar endurmenntunar. Fagfélagið Upplýsing stendur og fyrir Landsfundi samtakanna og endurmenntun sem starfsmenn hafa notað. Þriðja hvert ár fara starfsmenn í ferðir erlendis til að kynna sér stefnur og strauma í faginu. Undirbúningur er hafinn að ferð til BNA 2020. MilliReykja fræðsla og samvinna um símenntun hefur fest sig í sessi, en uppá hana er boðið minnst þrisvar sinnum á ári.

Hafnarborg

Hlutverk Hafnarborgar – menningar- og listamiðstöðvar Hafnarfjarðar er að standa fyrir öflugum og metnaðarfullu menningarstarfi sem endurspeglar gerjun samtímans og stuðla þannig að fjölbreyttu mannlífi. Hafnarborg varðveitir því listaverkageign Hafnarfjarðarbæjar og stendur fyrir rannsóknunum og sýningum á henni, þannig að fólk fái þeirra notið og verkin verði sýnilegur hluti íslenskrar menningar- og listasögu. Enn fremur rekur Hafnarborg alþjóðlega gestavinnustofu.

Hafnarborg starfar samkvæmt eigin stofnskrá og stefnu, menningarstefnu Hafnarfjarðarbæjar, íslenskum safnalögum og siðareglum Alþjóðaráðs safna.

Meginmarkmið og gildi

- Gróska og gerjun

Hafnarborg skal vera samnefni fyrir grósku og gerjun á sviði lista og menningar.

- Samkomustaður

Hafnarborg skal vera samkomustaður þar sem fólk getur leitað að innblæstri, örvun og umhverfi til að njóta listar og samveru hvert við annað.

- Ögrandi hugmyndir

Hafnarborg skal gæta sérstöðu sinnar á listasviðinu í tengslum við ásýnd, yfirbragð og framsetningu listviðburða, sem markast af sterkri og einstakri upplifun gesta.

Lykiltölur:



HAFNARFJÖRÐUR

Gestafjöldi í Hafnarborg hefur undanfarin ár verið um 20.000 gestir á ári og eru þá undanskyldir gestir veitingastaðar sem eru hartnær 100.000. Fjöldi skólahópa af öllum skólastigum heimsækir safnið árlega og er áhersla lögð á að nemendur allra grunnskóla í Hafnarfirði heimsæki safnið. Um 10 sýningar eru haldnar í safninu árlega, auk tónleika, málþinga og funda. Á árinu 2019 bættust 16 verk í safneign Hafnarborgar og eru nú 1500 skráð í safngripaskrá safnsins.

Helstu verkefni 2020

- **Stefnumótun - tilgangur og markmið**
Endurskoðuð stefna Hafnarborgar tók gildi í upphafi árs 2019.
- **Uppbygging safnkosts**
Listaráð Hafnarborgar stýrir vali á aðföngum safnsins, bæði innkaupum og viðtöku gjafa. Horft er til þess að safnkostur endurspegli sýningarstefnu og að safnið eignist verk sem tengjast Hafnarfirði sérstaklega. Árlegt innkaupafé er 2.000.000 kr.
- **Varðveisla**
Hafnarborg starfar eftir safnalögum og fer eftir leiðbeiningum og viðmiðum safnaráðs í málum er varða varðveislu safnkosts. Unnið verður að flutningi á listaverkageymslum Hafnarborgar í viðunandi húsnæði sem tryggja varðveislu safnskost til lengri tíma.
- **Rannsóknir**
Á árinu verður unnið að heimildaöflun og rannsóknum í undirbúningi sýninga. Sérstaklega fyrir yfirlitssýningu á verkum Þorvaldar Þorsteinssonar sem unnin er í samvinnu við Listasafnið á Akureyri og sett verður upp í Hafnarborg í mars 2021. Einnig verður unnið að rannsókn á verkum Hafnfirðingsins Gunnars Hjaltasonar sem sett verður upp í Sverrissal haustið 2020. **Útgáfa**
Stefnt er að útgáfu tveggja sýningarskráa á árinu, auk einfaldara prentefnis um aðrar sýningar. Ef samningar við Myndstef um birtingu mynda í safngripagagnagrunninum Sarpi nást á árinu 2019 verður unnið sérstaklega að myndafæðinu og uppfærslu Sarps á árinu 2020.
- **Sértekjur**
Tæpur helmingur af sértekjum Hafnarborgar kemur af útleigu á veitingarými á fyrstu hæð. Með breytingum á geymsluhúsnæði safnsins opnast möguleikar til að stækka bakland veitingarýmis og auka leigutekjur. Unnið verður áfram að því að auka sértekjur safnsins í gegnum sölu í safnverslun, þar sem áherslan er á að selja útgáfur Hafnarborgar og í gegnum útleigu á aðstöðu Hafnarborgar, til funda og annarra viðburða sem samræmast starfsemi safnsins.
- **Búnaður**
Unnið verður að því að bæta búnað sem nýtist til miðlunar efnis á sýningum safnsins. Endurnýjun ljósabúnaðar hefur verið til skoðunar undanfarin misseri og verður unnið áfram að því á næsta ári, með það að markmiði að sá búnaður sem keyptur verður endist í amk 12 ár. Sá búnaður sem nú er í húsinu er frá árinu 1988.
- **Viðburðahald**
 - **Sýningar**
Á árinu verða settar upp 10 myndlistarsýningar í Hafnarborg. Þar af ein með verkum úr safnkosti Hafnarborgar og ein á verkum hafnfirskis myndlistarmanns. Hafnarborg tekur þátt í Ljósmyndahátíð Íslands með tveimur sýningum og unnið er að verkefni fyrir HönnunarMars. Samkeppni um haustsýningu verður haldin í 10 sinn og



HAFNARFJÖRÐUR

afraksturinn settur upp í Aðalsal. Lögð er áhersla á metnaðarfullar sýningar á samtímalist sem höfða til listunnenda og almennings. Lögð er áhersla á að sýningar safnsins taki á samfélagslegum viðfangsefnum.

- **Aðrir viðburði**

Viðburðir eru mikilvægur þáttur í starfsemi Hafnarborgar. Í tengslum við allar sýningar í safninu er unnin dagskrá sem samanstendur af leiðsögnum, vinnusmiðjum og fleiru. Hádegistónleikar hefja sitt 17 starfsár og eru ætíð vel sóttir. Níu hádegistónleikar verða haldnir á árinu 2020. Tónleikaröðin Hljóðönn er nú á sínu sjötta starfsári, í ljósi þess að sýning í tengslum við tónleikaröðina tókst einkar vel verður tónlistarmanninum Davíð Brynjari Franzsyni boðið að sýna í Sverrissal. Hafnarborg er auk þess í samstarfi við Sönghátíð sem hefur síðustu þrjú ár verið haldin í Hafnarborg í júlí. Fjöldmargir aðrir viðburðir, tónleikar, fundir og fyrirlestrar eru haldnir í húsakynnum safnsins. Má það sérstaklega nefna Stóru upplestrarkeppnina í mars og Syngjandi jól, kórtónleika sem haldnir eru fyrsta laugardag í aðventu. Á árinu 2019 hófst samstarf við Tónlistarskóla Hafnarfjarðar um nemendatónleika og vonir standa til að framhald verði á því.

- **Kynningarmál**

Kynningarmál Hafnarborgar eru góðum farvegi og fá nær allir viðburðir sem haldnir eru í safninu umfjöllun í fjölmiðlum sem hafa dreifingu á landsvísu, bæði prentmiðlum, netmiðlum og ljósvakamiðlum. Auk þess auglýsir Hafnarborg starfsemi sína í völdum fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum. Auglýsingum er beint að þremur markhópum sérstaklega:

- Hafnfirðingum: með því að auglýsa í bæjarblöðum og í hafnfirskum hópum á samfélagsmiðlum. Auk þess tekur Hafnarborg virkan þátt í kynningum á sameiginlegri dagskrá menningarstofnana í bænum og stendur til að gera enn betur á næsta ári, með því að setja dagskrána saman fyrr og dreifa til bæjarbúa.
- Listunnendum: Auglýst er í miðlum sem beinast sérstaklega að áhugafólki um listir og menningu, s.s. bæklingi Kynningarmiðstöðvar íslenskrar myndlistar og tímariti safnmanna. Á næsta ári verða auglýsingar á netmiðlum sérstaklega skoðaðar.
- Erlendum ferðamönnum: Auglýst hefur verið í fríblaðinu Grapevine og í völdum bæklingum. Unnið verður að kynningu til erlendra ferðamanna á árinu 2020 í samráði við aðrar menningarstofnanir og samskiptastjóra.

Auk þess eru reglulega keyptar samlesnar útvarpsauglýsingar fyrir tónleika og viðburði fyrir almenning.

- **Samvinna / samstarf**

- **Samstarf við aðrar bæjarstofnanir** – Hafnarborg á gott samstarf við aðrar bæjarstofnanir vegna þeirra verkefna sem á safninu eru unnin. Sérstaklega aðrar menningarstofnanir en einnig ýmsar aðrar einingar þar sem Hafnarborg sér um að velja og koma fyrir myndlist í á skrifstofum og í almenningsrymum í húsnæði bæjarins.
 - **Heilsubærinn Hafnarfjörður** – Hafnarborg hefur óskað eftir formlegri aðild að verkefninu Heilsubærinn Hafnarfjörður og mun hér eftir leggja aukna áherslu á þá þætti í starfseminni sem taldir eru hafa góð áhrif á andlega- og félagslega heilsu gesta. Unnið verður áfram að sérstökum leiðbeiningum til gesta safnsins um hvernig megi fá sem mest út úr heimsókninni.
- **Erlent samstarf** – Hafnarborg tekur reglulega þátt í erlendu samstarfi, á árinu 2020 verður unnið að sýningu með listasafninu í Nuuk á Grænlandi.



HAFNARFJÖRÐUR

- **Samstarf við skóla** – Hafnarborg er í miklu og góðu samstarfi við öll skólastig og snýr það bæði að móttöku hópa og úrvinnslu hinna ýmsu verkefna. Sérstök áhersla er á gott samstarf við háskólastigið og hefur verið unnið með nemendum og kennurum bæði úr HÍ og LHÍ.
- **Fjölmennning**

Unnið verður að bættri þjónustu við erlenda íbúa Hafnarfjarðar í samvinnu við Fjölmenningarfulltrúa og aðrar menningarstofnanir.
- **Rýmisnýting /húnæði**

Þar sem unnið er að því að færa geymslur Hafnarborgar úr kjallara í annað og betra húsnaði verður nýting á rými í kjallara endurskoðuð.
- **Viðhald**

Viðhaldi hússins er forgangsraðað í samráði við umhverfis- og skipulagsþjónustu. Á árinu 2020 verður lýsing í Aðalsal tekin til skoðunar en ljósabúnaður er orðinn úreltur. Breytingar á útliti lyftustokks verða skoðaðar og afgreiðslan verður endurhönnuð að hluta.
- **Öryggismál**

Hafnarborg starfar eftir safnalögum og fer eftir leiðbeiningum og viðmiðum safnaráðs í málum er varða öryggi safnkosts. Áfram verður unnið að því að tryggja öryggi bæði safnkosts og starfsfólks. Hugað verður sérstaklega að vinnuaðstæðum í kjallara hússins.
- **Umhverfisstefna**

Áfram verður hugað að umhverfismálum í tengslum við bæði sýningar og útgáfu safnsins. Endurnýting efnis við uppsetningu sýninga og nýting umhverfisvænna efna verður höfð að leiðarljósi. Upplag prentefnis er í samræmi við dreifingu / söluvæntingar og umhverfissjónarmiða gætt við val á efni. Hugað verður sérstaklega að sorpflokkun og endurvinnslu á árinu.
- **Starfsmannamál**

Hafnarborg fylgir mannauðsstefnu Hafnarfjarðarbæjar. Velliðan og starfsánægja ásamt öryggi starfsfólks er leiðarljós í allri starfsemi safnsins.
- **Sí- og endurmenntun**

Hafnarborg fylgir mannauðsstefnu Hafnarfjarðarbæjar og leggur áherslu á að starfsmenn hafi tækifæri til að sækja sér endurmenntun á sínu starfssviði. Á árinu 2020 munu sérfræðingar safnsins taka þátt í farskóla safnmanna, auk þess sem gert er ráð fyrir að forstöðumaður sæki ráðstefnuna Sharing is Caring þar sem sjónum er beint að stafrænni miðlun safnkosts.

Stjórn Hafnarborgar:
Pétur Gautur Svavarsson
Rósa Guðbjartsdóttir
Böðvar Ingi Guðbjartsson

Listráð Hafnarborgar:
Brynhildur Pálsdóttir
Þorbjörg Br. Gunnarsdóttir
Erling Klingenberg